

Auglýsing um friðlýsingu Hraunfossa og Barnafoss í Hvítá í Borgarfirði.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Hraunfossa og Barnafoss í landi Gilsbakka, Hvítársíðuhreppi, Mýrarsýslu og Hraunsáss, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu ásamt nánasta umhverfi þeirra.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:*

Norðan Hvítár liggja þau um mitt Litlafljót, fylgja síðan línu, sem dregin er 200 m frá árbakka Hvítár austur að háspennulínu er liggur yfir ána. Mörk fylgja línunni yfir ána að gömlum þjóðvegi. Fylgja síðan gamla veginum að núverandi þjóðvegi. Liggja eftir þjóðveginum að Ásgili. Liggja niður mitt gilið, þvert yfir Hvítá, í mynni Litlafljóts.

*Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu er háðar leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

---

Runólfur Þórarinsson